

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjanda Valgarði Breiðfjörð, ber að greiða hinum stefnda, Júlíusi Schou, 6 krónur í kost og tæring, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. októbermán.

Nr. 28/1885.

Helgi verzlunarstjóri Jónsson
gegn

Þorvaldi Björnssyni.

Dómur:

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur kaupstaðar, kveðnum upp 9. júlí þ. á., í máli, höfðuðu af verzlunarstjóra J. P. T. Brydes á Vestmannaeyjum, Helga Jónssyni, gegn Þorvaldi Björnssyni, húsmanni hjer í bænum, útaf verzlunarskuld, er nemur kr. 163,22, var því vísað frá dómi fyrir þá sök, að dómur hafi gengið áður um aðalefni þessa sama máls fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 16. ágúst 1883, og er sækjandinn jafnframt dæmdur til að greiða hinum stefnda 10 kr. í málskostnað. Þessum dómi hefur Helgi verzlunarstjóri Jónsson áfrýjað til landsyfirdómsins og krafizt, að bæjarþingsdómurinn verði dæmdur ómerkur, og málinu vísað heim aptur til meðferðar að aðalefninu til, en að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda hæfilegan málskostnað bæði fyrir undir og yfirdómi. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og

að sjer verði dæmdur hæfilegur málskostnaður frá áfrýjanda.

Áfrýjandinn hefur ekki borið á móti því, að mál það, sem hjer er áfrýjað, og dæmt var á bæjarþingi Reykjavíkur 9. júlí þ. á., sje milli sömu málsparta og um greiðslu sömu verzlunarskuldar sem mál það, er dæmt var að aðalefninu til á sama bæjarþingi 16. ágúst 1883, einungis heldur hann því fram, að mál þetta komi nú fram í öðrum búningi, þar sem búið sje að bæta úr göllum þeim á sönnunargögnum sækjandans, sem ollu því, að verjandiinn var sýknaður með hinum fyrri dóminum af kærnum sækjandans. Það er þannig enginn ágreiningur milli málspartanna um, að mál þetta sje áður dæmt að aðalefninu til með dómi, sem enn stendur óraskaður, og þareð verjandinn á heimtingu á, að mál það, sem einusinni er útkljáð með fullnaðardómi, verði ekki rifjað upp aptur, en sækjandinn verður að kenna sjálfum sjer um, að hann kom ekki fram með sönnunargögn sín í rjettu lagi á rjettum tíma, þá er yfirdómurinn því samþykkur, að máli þessu beri að vísa frá undirdóminum, og ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn að öllu leyti, einnig að því snertir malskostnað í hjeraði, eins og áfrýjandanum þá einnig ber að greiða hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og virðist hann hæfilega metinn 10 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Bæjarþingsdómurinn í máli þessu á að vera óraskaður. Áfrýjandinn, Helgi verzlunarstjóri Jónsson, greiði hinum stefnda, Þorvaldi Björnsyni, 10 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr, 35/1885.

Rjettvísín

gegn

Carl Ernst Alexander Fensmark.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Ísafjarðarkaupstaðar 14. ágúst þ. á., var fyrrum sýslumaður Carl Ernst Alexander Fensmark dæmdur fyrir brot gegn 136. gr. hegningarlaganna, samanborinni við 34. gr. sömu laga, til að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefur að beiðni hins ákærða verið skotið til yfirdómsins.

Hinn 16. dag aprílmán. 1879 var hinn ákærði, Carl Ernst Alexander Fensmark, skipaður sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti í Ísafjarðarkaupstað. Á árinu 1884 komst það upp, að það vantaði hjá honum upp á það, sem átti að vera í sjóði, og var eign landssjóðs, en það fje bar honum að innheimta fyrir landssjóð og vera í ábyrgð fyrir því. Ráðgjafinn fyrir Íslandi bauð því að hefja rjettarrannsókn gegn hinum ákærða, en landshöfðingi hafði vikið honum úr embætti um stundarsakir, og að aflokinni rannsókninni var sakamál höfðað gegn honum, og urðu þau málalok, sem áður segir. Að visu er ekki enn unnt alveg með vissu að tilgreina upphæð þess fjár, sem vantar í sjóð hjá ákærða, en, að því komið er fram, mun mega telja hana 26—27,000